



19. mars 2024

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 137. mál á 154. löggjafarþingi

Vísitala neysluverðs (vísitala neysluverðs án húsnæðis)

Með ofangreindu frumvarpi er lagt til að framvegis verði ekki tekið tillit til húsnæðiskostnaðar við útreikning vísitölu neysluverðs. Meðal röksemda sem eru nefndar fyrir því er að þá myndi árshækkun vísitölu eða verðbólga mælast lægri en ella og áhrif hennar því ekki leggjast eins þungt á heimili með verðtryggðar skuldbindingar, svo sem vegna húsnæðislána eða húsaleigu.

Slíkar tillögur hafa helst verið gagnrýndar með því að það sé ekki mælikvarðinn sem sé vandamálið heldur sjálf verðbólgan og það hafi engin raunveruleg áhrif að breyta mælikvarðanum auk þess sem það geti spillt fyrir greiningum á verðbólguþróun. Ef þessi sjónarmið eru skoðuð nánar kemur þó í ljós að ekki er fótur fyrir þeim. Hagstofan birtir nefnilega vísitölu neysluverðs bæði með og án húsnæðis svo langt aftur sem mælingar ná. Helsta vandamálið er að skuldir margra heimila séu verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs í núverandi mynd en sú breyting sem er lögð til með frumvarpinu gæti haft þau áhrif að árshækkun slíkra skuldbindinga myndi strax minnka úr 6,6% í 4,7%.

Húsnæðisliður vísitölu neysluverðs samanstendur af nokkrum þáttum, þar á meðal greiddri húsaleigu og svokallaðri reiknaðri húsaleigu en sá síðarnefndi samanstendur af húsnæðisverði og vaxtakostnaði verðtryggðra lána. Það er óeðlilegt að nota húsnæðisverð við mælingu á neysluverði því fjárfestingar í fasteignum eru ekki neysla. Það er enn óeðlilegra að nota aðeins vexti verðtryggðra lána við mælingu neysluverðs því einungis helmingur húsnæðislána eru verðtryggð og mælingin endurspeglar því ekki raunveruleikann. Hámark fáránleikans er svo að seðlabankinn hefur brugðist við aukinni verðbólgu með því að hækka vexti í því skyni að koma böndum á verðbólguna en það hefur svo aftur leitt til hækkunar á umræddum vaxtaþætti vísitölunnar. Undanfarið ár hefur vaxtaþátturinn verið leiðandi í vísitölubreytingum og að svo stöddu má rekja um fjórðung mældrar ársverðbólgu til þess. Þannig má segja að þessar vaxtahækkunar hafi beinlínis unnið gegn yfirlýstum markmiðum sínum.

Hagsmunasamtök heimilanna leggjast ekki í sjálfu sér gegn því að húsnæðiskostnaður sé mældur en telja húsnæðislið vísitölunnar í núverandi mynd með öllu ónothæfan í þeim tilgangi.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is